

Föstudaginn 18. september 1992.

Nr. 359/1992. **Ólafur Jónsson**
 gegn
Sigurbirni Eiríkssyni.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. júlí 1992, sem barst héraðsdómi Suðurlands samdægurs, en Hæstarétti 8. september sl. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að endurupptaka málið: Sigurbjörn Eiríksson gegn Ólafi Jónssyni. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða honum kærumálskostnað.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp á aukadómþingi Rangárvallasýslu 18. júní 1992 að aðilum málsins og lögmönnum þeirra fjarstöddum. Var í úrskurðinum hafnað kröfu lögmanns sóknaraðila um endurupptöku ofangreinds máls. Í beinu framhaldi af uppkvaðningu úrskurðarins kvað dómariinn upp dóm í málinu, þar sem fallist var á stefnukröfur varnaraðila.

Þar sem dómur var þannig genginn, gat hinn kærði úrskurður ekki einn sér sætt kæru samkvæmt 143. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 91/1991, heldur hlaut málskot til Hæstaréttar að fara eftir ákvæðum 151. gr., sbr. einnig 166. gr. sömu laga. Ber því að vísa kærumáli þessu ex officio frá Hæstarétti.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Ólafur Jónsson, greiði varnaraðila, Sigurbirni Eiríkssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður aukadómþings Rangárvallasýslu 18. júní 1992.

Mál þetta, sem þingfest var 19. júní 1991 og tekið til dóms 25. maí 1992, eftir að útivist varð af hálfu stefnda við aðalmeðferð, er höfðað af Sigurbirni Eiríkssyni, kt. 051224-3259, Kjarrvegi 3, Reykjavík, gegn Ólafi Jónssyni, kt. 030708-4239, Oddhóli, Rangárvallasýslu, með stefnu, birtri 27. maí 1991.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.000.000 kr. [með dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og sér dæmdur hæfilegur málskostnaður skv. gjaldskrá LMFÍ. Til vara byggir stefndi á því, að hann eigi kröfu á hendur stefnanda til skuldajafnaðar á móti dómkröfum hans í málinu.

Á dómþingi í dag, sem boðað var til uppkvaðningar dóms í máli þessu, krafðist lögmaður stefnda endurupptöku málsins skv. 3. mgr. 118. gr. 1. 85/1936 og lagði fram læknisvottorð, dags. 26. maí 1992, þar sem stefndi er sagður óvinnufær með öllu frá þeim degi, og kvað lögmaður stefnda hann því ekki geta gefið nauðsynlega aðilaskýrslu í málinu.

Stefnandi mótmælti kröfu stefnda, þar sem lögmaður stefnda hefði ekki sannað, að hann hefði haft lögmæt forföll við aðalmeðferð skv. 3. og 4. mgr. 118. gr. 1. 85/1936, sbr. 7. mgr. 110. gr. s. l., og krafðist þess, að efnisdómur yrði kveðinn upp.

Krafðist lögmaður stefnda þá endurupptöku og úrskurðar um, hvort forföll stefnda, Ólafs Jónssonar, við aðalmeðferð 25. maí sl. hefði verið lögmæt.

— — —

Álit réttarins.

Útivist varð af hálfu stefnda við aðalmeðferð málsins 25. maí sl., þar sem hvorki stefndi né lögmaður stefnda sótti þing, en þar hefði lögmaður stefnda getað óskað eftir frestun aðalmeðferðar vegna forfalla aðila, sem nauðsyn bæri til, að gæfi aðilaskýrslu í málinu. Lögmaður stefnda hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi haft lögmæt forföll við aðalmeðferð málsins 25. maí sl. skv. 3. mgr., sbr. 4. mgr. 118. gr. 1. nr. 85/1936, sbr. 7. mgr. 110. gr. s. l.

Verður því að hafna kröfu stefnda um endurupptöku málsins.

Vegna embættisanna og fæðingarorlofs dómara dróst boðun dómþings til dómsuppsögu.

Úrskurð þennan kvað upp Þórir Haraldsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefnda um endurupptöku málsins er hafnað.
